



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 7. maí, 2008

Ákvörðun nr. 29/2008

Kaup Geysis Green Energy á Jarðborunum

I.

Málavextir og málsatvik

Þann 19. febrúar 2008 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með fullnægjandi hætti um kaup Geysis Green Energy (hér eftir GGE) á öllu hlutafé Jarðborana. Með bréfi, dags. 3. mars 2008, óskaði Samkeppniseftirlitið frekari gagna vegna samrunans og þann 19. mars var tilkynnt að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar samrunans. Bárust Samkeppniseftirlitinu loks þann 17. apríl fullnægjandi svör við beiðni sinni frá 3. mars 2008.

Upphaflega hafði samrunaskrá borist með bréfi, dags. 8. ágúst 2007. Í samrunaskrá kom fram að velta GGE á árunum 2005 og 2006 hafi engin verið en samrunaaðilar bentu á að ef velta móðurfélags GGE væri talin með uppfyllti samruninn veltuskilyrði samkeppnislaga. Þann 6. september 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið GGE að stofnunin teldi frekari rannsókn nauðsynlega vegna samrunans.

Við rannsókn samrunans bárust af því fregnir í fjölmiðlum að GGE hefði sameinast REI undir merkjum þess síðarnefnda. Taldi Samkeppniseftirlitið að þessi breyting á GGE ylli því að verulegar breytingar hefðu orðið á forsendum samrunans sem kölluðu á viðbótartilkynningu samkvæmt reglum um tilkynningu samruna. Þann 24. október 2007 sendi Samkeppniseftirlitið Jarðborunum bréf og óskaði þess að tilkynnt yrði um breytingarnar með fullnægjandi hætti í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. reglna um tilkynningu samruna nr. 881/2005.

Barst Samkeppniseftirlitinu pati af því að frekari breytingar kynnu að verða á uppbyggingu samrunaaðila. Þrátt fyrir það bárust engar upplýsingar frá málsaðilum. Ítrekaði Samkeppniseftirlitið því beiðni sína um frekari gögn vegna samrunans, enda taldi stofnunin útilokað að taka efnislega afstöðu til málsins án þess að hafa undir höndum fullnægjandi gögn um samrunann og uppbyggingu samrunaaðila. Var þessi ósk enn ítrekuð á fundi þann 6. desember 2007. Bárust engin svör í kjölfar þess fundar. Með bréfi, dags. 12. febrúar 2008, óskaði Samkeppniseftirlitið enn eftir gögnum um þær breytingar sem orðið hefðu á forsendum samrunans. Barst loks svar Jarðboranna þann 19. febrúar sl.



II.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunanum fólst að GGE eignaðist öll hlutabréf í Jarðborunum. Fram kom að Jarðboranir störfuðu að meginstefnu til við framkvæmdir tengdar nýtingu auðlinda í jörðu til framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Þá er GGE sagt hafa fjárfest í ýmsum verkefnum á sviði uppbyggingar eða rekstrar orkuvera og/eða hitaveitna. Fram kom í samrunatilkynningu aðila að sameining þeirra væri nauðsynlegur liður í sókn þeirra á erlenda markaði en til þess væri ákveðinn fjárhagslegur styrkur nauðsynlegur. Þá mundu kaupin auka breidd í starfsemi GGE samkvæmt samrunaskrá.

Ljóst má vera að staða Jarðboranna er mjög sterk á Íslandi en fá fyrirtæki taka að jafnaði þátt í útboðum á borverkefnum. Þá er markaðshlutdeild Jarðboranna að öllum líkindum umtalsverð svo sem fram kemur í samrunaskrá. Fáir kaupendur eru á þeim mörkuðum sem Jarðboranir starfa en GGE á hlut í einum þeirra, Hitaveitu Suðurnesja.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins að öðru leyti er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni GGE og Jarðboranna gefi ekki tilefni til frekari aðgerða.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupum Geysis Green Energy á öllu hlutafé Jarðboranna felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson

